

Mælingar landmælinga LV við Blöndu neðan  
virkjunar

Skúli Víkingsson

Greinargerð SV-83/02

1983-10-05

## MÆLINGAR LANDMÆLINGA LV VIÐ BLÖNDU NEÐAN VIRKJUNAR

Föstudaginn 30. september fór ég ásamt Hafsteini Gunnarssyni og aðstoðarmanni hans, landmælingamönnum á Byggingadeild Landsvirkjunar, um Blöndusvæðið. Við settum út 2 ný merki:

1) FMB6 Gunnsteinsstaðahólar: Í berghlaupshólum norðan við Auðólfssstaði. Merkið (koparplata merkt LV) er í stórum steini á grónum flata við ána, rétt handan við gamlan, hálf-fullan, gróinn skurð. Mælingu verður að gera með tæki. Sniðið var tekið eftir línu sem liggur í gegnum merkið VR332, sem er rétt ofan við veginn norðarlega í hólunum. Ath. að hægt er að keyra alveg að fastmerkinu eftir leiðbeiningum frá Gunnsteinsstaðabónda.

2) FMB7 Fagranes: Á grónum bakka við ána. Merkið (rör) stendur á bakkanum rétt sunnan við skurð (og ruslahaug), sem mynnir þar út að ánni. Sniðið var tekið yfir að stað sem er 45 m norðan við girðingu, sem liggur niður að ánni.

Auk þessara voru þau 2 snið, sem þið settuð út á eyraköflum árinna mæld:

1) FMB4 Finnstunga: Mælt var úr merkinu og yfir að vörðu sem hlaðin var á grasi grónum bakka vestan ár.

2) FMB3 Holtastaðir: Mælt var úr merki (röri) á bakkanum um fastmerkið í steininum og yfir að hæl sem settur var á grasigróinn bakka vestan ár.

Hin merkin verða mæld inn (hnit og hæð), en þar taldi ég ekki ástæðu til að blanda landmælingamönnum inn í sniðmælingu, enda farvegurinn lítið breiðari en það sem áin fyllir. - Þegar þetta er skrifað hefur Hafsteinn þegar mælt öll merkin inn nema 2 neðstu og klettaskoru Guðmundar á Guðlaugsstöðum. Ekki er enn vitað hvenær niðurstöður liggja fyrir.

Skúli Víkingsson